



Ársreikningur 2019

*Eftirlaunasjóður FÍA
Borgartúni 19
105 Reykjavík*

Kennitala: 650376-0809

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	7
Efnahagsreikningur.....	8
Yfirlit um sjóðstreymi.....	9
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	10
Skýringar.....	11
Kennitölur - Fimm ára yfirlit.....	29
Ófjárhagslegar upplýsingar.....	31
Fjárfestingarstefna 2020 - Útdráttur.....	33
Stjórnarháttayfirlýsing.....	34

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Meginstarfsemi sjóðsins

Eftirlaunasjóður FÍA starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða" sem Landsbankinn hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðnum þar sem fjöldi sjóðfélaga sem greiða í sjóðinn nær ekki tilskyldum fjölda sem skal að lágmarki vera 800 samkvæmt lögum.

Starfsemin á árinu

Alls greiddu að meðaltali 802 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls 2.312,8 milljónum kr. og hækkuðu um 8,9% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 971,9 milljónum kr. og hækkuðu um 4,1% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 209 á árinu og í árslok 2019 áttu 1.130 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Þóknarir til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 14,4 milljónum kr. á árinu 2019.

Á heildina litið var árið 2019 afar gott ár í rekstri sjóðsins. Raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins var 9,7% árið 2019 og meðaltal hreinnar raunávöxtunar síu fimm ár er nú 5,4%. Verðbréfaeign sjóðsins er að mestu í innlánnum, skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, sjóðfélagalánum og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2019. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu heildarskuldbindingar sjóðsins 65.983 milljónum kr. miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti nema þær 68.573 milljónum kr. eða 3,9% hærri fjárhæð en skuldbindingarnar samanborið við 1,8% heildareigna umfram skuldbindingar árið 2018.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Hrein eign

Hrein eign sjóðsins nam 43.537 milljónum kr. í árslok 2019 og hefur hækkað á árinu úr 37.375 milljónum kr. eða um 6.162 milljónir kr.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hefur útbreiðsla COVID-19 veirunnar ollið mikilli röskun efnahagssumsvifa á heimsvísu. Þetta hefur m.a. leitt til mikils verðfalls hlutabréfa bæði innanlands og erlendis.

Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA vill árétta mikilvægi áhættudreifingar í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru uppi vegna útbreiðslu kórónuveirunnar COVID-19. Dreifing áhættu er grunnþáttur í eignasöfnum þar sem fjárfestingartími er langur. Lífeyrissparnaður er í eðli sínu langtíma sparnaður og getur ávöxtun verið sveiflukennd þegar til skemmri tíma er litið. Vert er því að ítreka að markmið stjórnar er ávallt að hámarka ávöxtun sjóðsins að teknu tilliti til áhættu og tryggja þannig sjóðfélögum, mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Frá árslokum 2019 hefur útbreiðsla COVID-19 geislað um heiminn með veruleg samfélags- og efnahagsleg áhrif sér í för. Stjórnvöld og Seðlabanki Íslands hafa gripið til umfangsmikilla aðgerða sem munu veita viðspyrnu við efnahagsáhrifum kórónuveirunnar, með það meginmarkmið að leiðarljósi að verja grunnstoðir samfélagsins og vernda afkomu fólks og fyrirtækja. Lífeyriskerfið er hér eigi undanskilið og hafa lífeyrissjóðir landsins lagt sitt af mörkum. Lífeyrissjóðirnir hafa meðal annars skrifað undir samkomulag lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja um tímabundna greiðslufresti á lánum og hvatningaryfirlýsingu Landssamtaka Lífeyrissjóða, um að halda að sér höndum varðandi gjaldeyriskaup á öðrum ársfjórðungi 2020. Jafnframt hafa flestir seðlabankar heims einnig gripið til ýmissa aðgerða til að styðja við efnahagslífið.

Ávöxtun EFÍA hefur ekki farið varhluta af því ástandi sem hefur skapast þar sem sveiflur hafa einkennt þróun eignaverðs eftir því sem fjárfestar hafa keppt við að meta efnahagsleg áhrif COVID-19. Innlendir hlutabréfamarkaður hefur lækkað töluvert, til að mynda lækkaði Úrvalsvisitalan um 17% á fyrsta ársfjórðungi. Erlendir verðbréfamarkaðir hafa enn fremur lækkað töluvert, Heimsvisitala hlutabréfa lækkaði um 21% á fyrstu þrem mánuðum ársins, mælt í Bandaríkjadál. Íslenska krónan hefur gefið töluvert eftir á móti helstu viðskiptamyntum sínum á fyrsta ársfjórðungi en krónan hefur til dæmis veikt um 15% á móti Evru og um 17% á móti Bandaríkjadál. Innlendir skuldabréfamarkaður hefur aftur á móti haldið velli og ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa hefur lækkað frá áramótum. Þar af leiðir að ávöxtun verðtryggðra- og óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hefur verið góð það sem af er ári.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Atburðir eftir lok reikningsárs, frh.

Ljóst er að til skamms tíma verða áfram sveiflur á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum, líklega þar til mat á beinum og óbeinum áhrifum kórónuveirunnar verður farið að skýrast. En á þessari stundu er ekki ljóst hvort áhrif þessara atburða muni gæta til lengri eða skemmri tíma og því erfitt að meta áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Bæði tryggingafræðileg staða Eftirlaunasjóðs FÍA og sjóðstreymi benda til þess að sjóðurinn geti staðið af sér tímabundna lækkun og er vísað til skýringar 8 þar sem sjá má áhrif næmnigreiningar á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Er þar m.a. stillt upp sviðsmynd af lækkun hlutabréfamarkaða og veikingar krónu líkt og nú er að raungerast.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Eftirlaunasjóður FÍA hefur gert samning við Arion banka hf. og tók hann við umsjón og eignastýringu sjóðsins í byrjun árs 2012. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka hf. Arion banki hf. leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins. Árið 2017 tók einnig til starfa ábyrgðarmaður áhættustýringar sjóðsins í samræmi við lög 129/1997. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar. Þá framkvæmir stjórn eigið áhættumat fyrir sjóðinn árlega í samræmi við reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017, í fyrsta sinn árið 2018. Upplýsingar um fjárhagslega áhættustjórnun er að finna í skýringu 8.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn EFÍA leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn hefur útbúið stjórnarháttalýsingu fyrir árið 2019 sem birt er í heild sinni í viðauka við ársreikning þennan.

Ófjárhagslegir mælikvarðar

Stjórn EFÍA birtir samantekt á ófjárhagslegum upplýsingum úr starfsemi sjóðsins í sérstöku yfirliti í viðauka við ársreikning þennan.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eftirlaunasjóðs FÍA staðfesta hér með ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík, 22. apríl 2020

Í stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA



Sturla Ómarsson



Geirprúður Alfreðsdóttir



Kjartan Jónsson



Eva Sóley Guðbjörnsdóttir



Grímur Helgi Pálsson

Framkvæmdastjóri



Snædis Ogn Flosadóttir

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði FÍA

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eftirlaunasjóðs FÍA fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2019, efnahag hans 31. desember 2019, breytingu á handbæru fé á árinu 2019 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2019 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að setja fyrirvara við álit okkar viljum við vísa í skýrslu stjórnar í umfjöllun hennar um atburði eftir lok reikningsárs en þar fjalla stjórnendur um áhrif Covid-19 faraldursins á stöðu sjóðsins.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum lífeyrissjóðsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning lífeyrissjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa lífeyrissjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi lífeyrissjóðsins. Stjórnendum lífeyrissjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álini okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins, frh.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins.
- Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að lífeyrissjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.
- Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Reykjavík, 22. apríl 2020

PricewaterhouseCoopers ehf.



Vignir Rafn Gíslason
endurskoðandi

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS 2019

	Skýr.	2019	2018
Iðgjöld	1.4;2		
Iðgjöld sjóðfélaga		562.535	514.102
Iðgjöld launagreiðenda		1.739.961	1.599.982
Flutningur í og úr sjóði		0	513
		<u>2.302.496</u>	<u>2.114.597</u>
Sérstök aukaframlög	2.1	10.260	9.268
		<u>2.312.756</u>	<u>2.123.865</u>
Lífeyrir	1.5;3		
Heildarfjárhæð lífeyris	3.1	956.262	914.077
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	3.2	13.467	12.270
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	3.3	201	148
Tryggingakostnaður	3.1	1.940	7.539
		<u>971.870</u>	<u>934.034</u>
Hreinar fjárfestingartekjur	1.6;4		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	4.1-2	3.424.479	122.470
Hreinar tekjur af skuldabréfum	4.3	1.399.324	1.525.683
Aðrar fjárfestingartekjur:			
Vaxtatekjur af handbæru fé		116.325	194.524
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		1.296	1.779
Ýmsar fjárfestingartekjur		(5)	13.606
Fjárfestingargjöld	4.4-6	(62.150)	(53.670)
		<u>4.879.269</u>	<u>1.804.392</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.7;5	58.074	50.824
		<u>58.074</u>	<u>50.824</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		6.162.081	2.943.399
Hrein eign frá fyrra ári		<u>37.374.887</u>	<u>34.431.488</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>43.536.968</u>	<u>37.374.887</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fjárfestingar	1.8;6		
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	6.1	19.951.229	13.982.077
Skuldabréf	6.2	21.960.858	20.684.252
		<u>41.912.087</u>	<u>34.666.329</u>
Kröfur	1.9;7		
Kröfur á launagreiðendur		174.477	175.655
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur	7.2	0	24.166
Aðrar kröfur		9.145	5.898
		<u>183.622</u>	<u>205.719</u>
Ýmsar eignir	1.10		
Varanlegir rekstrarfjármunir	6.6	12.808	13.168
		<u>12.808</u>	<u>13.168</u>
Handbært fé			
Handbært fé	1.11	1.482.341	2.519.500
Eignir samtals		<u>43.590.858</u>	<u>37.404.716</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir	1.12		
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur		53.890	29.829
		<u>53.890</u>	<u>29.829</u>
Skuldir samtals		<u>53.890</u>	<u>29.829</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>43.536.968</u>	<u>37.374.887</u>
Skuldbindingar utan efnahags	7.3		
Fjárhagsleg áhættuskýring	8		

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2019

	Skýr.	2019	2018
Inngreiðslur			
Löggjöld		2.317.242	2.233.423
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		20.503	24.867
Aðrar inngreiðslur		1.265	21.551
		<u>2.339.010</u>	<u>2.279.841</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		937.190	1.088.719
Rekstrarkostnaður		51.584	37.075
Aðrar útgreiðslur		57.528	55.008
		<u>1.046.302</u>	<u>1.180.802</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		<u>1.292.708</u>	<u>1.099.039</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		203.468	184.775
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(6.827.449)	(3.599.395)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		4.079.308	2.268.470
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		1.615.293	1.972.931
Keypt skuldabréf		(5.793.709)	(5.571.406)
Seld skuldabréf		4.297.373	4.276.073
Seldar aðrar fjárfestingar		0	41.986
		<u>(2.425.716)</u>	<u>(426.566)</u>
(Lækkun)/hækkun á handbæru fé		(1.133.008)	672.473
Gengismunur af handbæru fé		95.849	169.667
Handbært fé í upphafi árs		<u>2.519.500</u>	<u>1.677.360</u>
Handbært fé í lok árs		<u>1.482.341</u>	<u>2.519.500</u>

YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU SAMTRYGGINGARDEILDAR 31. DESEMBER 2019

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Skýr

31.12.2019

7.1

Eignir:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	43.536.968	0	43.536.968
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	(2.180.811)	0	(2.180.811)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa	(539.188)	0	(539.188)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar	(1.317.668)	0	(1.317.668)
Núrvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(465.878)	(763.041)	(1.228.919)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	30.302.148	30.302.148
Eignir samtals	39.033.423	29.539.107	68.572.530

Skuldbindingar:

Ellilífeyrir	28.946.187	23.570.296	52.516.483
Örorkulífeyrir	1.478.946	2.119.905	3.598.851
Makalífeyrir	5.973.397	3.647.123	9.620.520
Barnalífeyrir	102.930	144.619	247.549
Skuldbindingar samtals	36.501.460	29.481.943	65.983.403

Eignir umfram skuldbindingar	2.531.963	57.164	2.589.127
------------------------------------	-----------	--------	-----------

Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	6,9%	0,2%	3,9%
--	------	------	------

Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	2,9%	0,5%	1,8%
---	------	------	------

31.12.2018

Eignir:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	37.374.887	0	37.374.887
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	(1.532.659)	0	(1.532.659)
o	(115.017)	0	(115.017)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar	(1.186.690)	0	(1.186.690)
Núrvirði framtíðarrekstrarkostnaður	(401.460)	(674.273)	(1.075.733)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	28.259.318	28.259.318
Eignir samtals	34.139.061	27.585.045	61.724.106

Skuldbindingar:

Ellilífeyrir	25.964.543	21.651.913	47.616.456
Örorkulífeyrir	1.489.706	2.127.140	3.616.846
Makalífeyrir	5.606.159	3.520.447	9.126.606
Barnalífeyrir	105.746	145.533	251.279
Skuldbindingar samtals	33.166.154	27.445.033	60.611.187

Eignir umfram skuldbindingar	972.907	140.012	1.112.919
------------------------------------	---------	---------	-----------

Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	2,9%	0,5%	1,8%
--	------	------	------

Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	5,2%	0,5%	3,1%
---	------	------	------

SKÝRINGAR

1. REIKNINGSSKILAÐFERÐIR

1.1 Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

1.2 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

1.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því ári sem þær eiga sér stað.

1.4 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa kröfu á sjóðinn. Ógreidd iðgjöld í lok uppgjörsársins eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er fært undir liðinn sérstök aukaframlög.

1.5 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Auk þess fellur hér undir beinn kostnaður vegna örorkulífeyrisúrskurða, gjalds til starfsendurhæfingarsjóðs svo og uppgjör vegna örorkusamkomulags.

1.6 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður á Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem og áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 4.4 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknanir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

c) Fjárfestingargjöld

o

SKÝRINGAR

1.7 Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins, auk 25% þóknunar til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins sem annars er færður á meðal fjárfestingargjalda. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

1.8 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og fullnustueignum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok árs, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 6.5. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem metin eru á gangvirði og útlán. Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð með áföllum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok uppgjörsárs. Í skýringu nr. 6.2 og 6.4 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga á reikningsskiladegi.

e) Fullnustueignir

Húseignir og lóðir sem tekin eru til fullnustu greiðslu eru færðar á gangvirði þeirra eða kostnaðarverði, hvoru sem lægra reynist.

1.9 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og fært í afskriftarrekning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Varúðarniðurfærslan er færð til lækkunar á viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

1.10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Varanlegir rekstrarfjármunir samanstanda af fasteign að Hlíðarsmára 8 og er hún afskrifuð um 2% á ári.

1.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

1.12 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðsins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

SKÝRINGAR

1.13 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Meðalkaupgengi Seðlabanka Íslands og gengi í lok árs var eftirfarandi:

	Mynt	Meðalgengi		Lokagengi	
		2019	2018	31.12.2019	31.12.2018
Evra.....	EUR	136,92	127,37	135,45	132,86
Bandaríkjadollar.....	USD	122,35	108,12	120,81	116,05
Breskt pund.....	GBP	156,11	144,00	159,03	147,97
Dönsk króna.....	DKK	18,34	17,09	18,13	17,79
Norsk króna.....	NOK	13,89	13,27	13,73	13,36

1.14 Áhættustjórnun

Eftirlaunasjóður FÍA hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað. Engir framvirkir gjaldeyrissskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru í gildi hjá sjóðnum. Nánari grein er gerð fyrir áhættustýringu sjóðsins í skýringu nr. 8.

SKÝRINGAR

2. IÐGJÖLD

2.1 Sérstök aukaframlög

	2019	2018
Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði	10.260	9.268
	10.260	9.268

3. LÍFEYRIR

3.1 Lífeyrir greinist þannig:

	2019	2018
Ellilífeyrir	733.989	704.941
Örorkulífeyrir	79.018	76.092
Makalífeyrir	129.257	117.067
Barnalífeyrir	13.998	15.977
	956.262	914.077
Uppgjör samkvæmt örorkusamkomulagi lífeyrissjóða	1.940	7.539
	958.202	921.616

3.2 VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

	2019	2018
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	13.467	12.270

Samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða skulu lífeyrissjóðir inna af hendi sérstakt gjald til starfsendurhæfingarsjóðs vegna sjóðfélaga sem nemur sömu fjárhæð og greidd hefur verið til þess sama starfsendurhæfingarsjóðs af atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins. Atvinnurekendur greiddu til starfsendurhæfingarsjóðs 0,10% af iðgjaldsstofni vegna áranna 2018 og 2019.

3.3 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

	2019	2018
Aðkeypt þjónusta vegna örorkumats	201	148

4. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

4.1 Hreinar tekjur (gjöld) af eignarhlutum í félögum og sjóðum geinast þannig:

	2019	2018
Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	3.111.216	(533.952)
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla	110.719	471.643
Arður af hlutabréfum	202.544	184.779
	3.424.479	122.470

SKÝRINGAR

4.2 Hreinar tekjur (gjöld) af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðaðar niður á 20 stærstu fjárfestingar:

Gangvirðismunur af eignarhlutum í félögum og sjóðum er skipt niður á 20 stærstu fjárfestingar í stærðarröð. Miðað er við meðalstöðu eigna í upphafi og lok uppgjörsársins.

	2019	2018
SSgA World IDX EQ-I -EUR	530.435	(72.319)
Stefnir - ÍS 15	377.583	(62.930)
SSgA World IDX EQ-I -USD	268.574	(96.637)
Stefnir - ÍS 5	229.159	(78.686)
Marel hf.	458.997	109.421
Katla Fund Global Value	192.051	(85.838)
Wellington Global Research Equity	167.255	(60.530)
JPMorgan Liquidity Funds - U.S. Dollar Lic F	19.765	14.403
Capital Group New Perspective Fund - LUX (USD)	140.570	(39.043)
Reitir fasteignafélag hf	(3.267)	(81.093)
JPMorgan Liq Funds - EUR Liquidity Fund	(3.362)	0
Stefnir - Sparifjársgjöldur	5.846	3.242
Jarðvarmi slhf.	100.173	36.625
Arion banki hf.	61.524	4.597
Seilern Int.Funds PLC / Stryx World Growth - USD	81.141	(943)
Sjóvá-Almennar tryggingar hf	89.781	(51.808)
Pimco GIS Income Fund (USD)	25.693	638
JPMorgan Funds - Global Bond Opportunities Fund	25.709	(2.447)
Vátryggingafélag Íslands	26.529	(53.871)
Wellington Global Quality Growth fund (USD)	57.925	(11.875)
Önnur félög og sjóðir	259.136	(4.858)
	3.111.216	(533.952)

4.3 Hreinar tekjur af skuldabréfum greinast þannig:

Öll skuldabréf sjóðsins eru metin á gangvirði að undanskilydum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum sem eru metin með áföllnum vöxtum og verðbótum.

	Gangvirðis- munur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2019	Samtals 2018
Skuldabréf með ríkisábyrgð	560.002	1.605	0	561.607	603.885
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	46.843	0	0	46.843	28.430
Skuldabréf með ábyrgð fjármálafyrirtækja	176.434	0	0	176.434	200.372
Önnur verðbréf	215.610	22.955	0	238.565	297.975
	998.889	24.560	0	1.023.449	1.130.662
	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2019	Samtals 2018
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	352.546	0	23.329	375.875	395.021
	352.546	0	23.329	375.875	395.021
	1.351.435	24.560	23.329	1.399.324	1.525.683
Breyting á niðurfærslu greinist þannig:				2019	2018
Niðurfærsla 1.1 2019				78.793	72.980
Breyting á niðurfærslu				(23.329)	5.813
Niðurfærsla 31.12 2019				55.464	78.793

4.4 Fjárfestingargjöld greinast þannig:

	Bein fjárf.gjöld	Áætluð og reiknuð fjárf.gjöld	Fjárf.gjöld Samtals	Meðalstaða eigna í sjóðum	Hlutfall fjárf.gjalda af meðaleign
Fjárfestingargjöld 2019					
Innlendir verðbréfasjóðir	0	75	75	11.549	0,6%
Innlendir fjárfestingarsjóðir	0	39.881	39.881	2.275.925	1,8%
Innlendir fagfjárfestingsjóðir	0	46.081	46.081	2.335.984	2,0%
Erlendir verðbréfasjóðir	0	48.598	48.598	8.179.567	0,6%
Vörslupóknun	9.664	0	9.664		
Umsýslupóknun	46.831	0	46.831		
Miðlunarþóknunir	5.655	0	5.655		
Kostnaður vegna fullnustueigna	0	0	0		
	62.150	134.635	196.785	12.803.025	
Fjárfestingargjöld 2018					
Innlendir verðbréfasjóðir	0	545	545	99.047	0,6%
Innlendir fjárfestingarsjóðir	0	44.368	44.368	2.754.586	1,6%
Innlendir fagfjárfestingsjóðir	0	54.807	54.807	2.238.318	2,4%
Erlendir verðbréfasjóðir	0	25.683	25.683	4.421.792	0,6%
Vörslupóknun	8.147	0	8.147		
Umsýslupóknun	40.745	0	40.745		
Miðlunarþóknunir	4.303	0	4.303		
Kostnaður vegna fullnustueigna	475	0	475		
	53.670	125.403	179.073	9.513.743	

4.5 Þóknun til rekstraraðila

Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins á árinu nam 75,5 milljón kr. og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Umsýslupóknun nam 62,4 milljónum kr. eða 0,15% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins, vörslupóknun nam 9,7 milljónum kr. og þóknun vegna áhættustjóra nam 3,4 milljónum kr. Umsýslupóknunin er gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 46,8 milljónir kr. og meðal rekstrarkostnaðar 15,6 milljónir kr. Vörslupóknunin er að fullu gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda og þóknun vegna áhættustjóra er að fullu gjaldfærð á meðal rekstrarkostnaðar. Laun annarra starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýslupóknun rekstraraðila. Önnur fjárfestingargjöld voru 5,7 milljónir kr. og fjárfestingargjöld alls 62,2 milljónir kr. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins var 39,0 milljónir kr. og rekstrarkostnaður alls 58,1 milljón kr.

Þóknun til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins á árinu 2018 nam 65,7 milljónum kr. og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Umsýslupóknun nam 54,3 milljónum kr. eða 0,15% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins, vörslupóknun nam 8,1 milljón kr. og þóknun vegna áhættustjóra nam 3,2 milljónum kr. Umsýslupóknunin er gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda 40,7 milljónir kr. og meðal rekstrarkostnaðar 13,6 milljónir kr. Vörslupóknunin er að fullu gjaldfærð á meðal fjárfestingargjalda og þóknun vegna áhættustjóra er að fullu gjaldfærð á meðal rekstrarkostnaðar. Laun annarra starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýslupóknun rekstraraðila. Önnur fjárfestingargjöld voru 4,8 milljónir kr. og fjárfestingargjöld alls 53,7 milljónir kr. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins var 34,0 milljónir kr. og rekstrarkostnaður alls 50,8 milljónir kr.

SKÝRINGAR

4.6 Áætluð umsýslupóknun sjóða sem Eftirlaunasjóður FÍA hefur fjárfest í

Við mat á áætluðum kostnaði sjóða sem fjárfest hefur verið í á árinu 2019 er tekið tillit til umsýslukostnaðar hjá annars vegar verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum og hins vegar hjá fagfjárfestasjóðum sem eru á lista frá Fjármálaeftirlitinu dags. 3. og 11. janúar 2020. Áætlaður kostnaður sjóðanna er umsýslupóknun þeirra að teknu tilliti til afsláttar. Umsýslukostnaður sjóðanna er innifalinn í hreinum tekjum (gjöldum) af eignarhlutum í félögum og sjóðum meðal hreinna fjárfestingartekna og afslátturinn sem lífeyrissjóðurinn fær er tekjufærður undir sama lið. Einnig er ávöxtun sem fyrr birt að fráðregnum þessum kostnaði. Við mat á hlutdeild lífeyrissjóðsins í kostnaði er miðað við meðalstöðu ársins í viðkomandi sjóði. Meðalstaðan er reiknuð miðað við eign lífeyrissjóðsins í lok hvers ársfjórðungs.

5. REKSTRARKOSTNAÐUR

5.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2019	2018
Umsýslupóknun til Arion banka hf.	15.611	13.582
Laun og launatengd gjöld	16.481	13.361
Áhættustjóri	3.430	3.240
Tryggingarstærðfræðingur	2.958	3.451
Vinna vegna úrskurða	129	0
Lögfræðikostnaður	1.892	445
Endurskoðun	3.256	3.212
Eftirlitsgjald FME og gjald til umboðsmanns skuldara	9.537	9.450
Húsnæðiskostnaður	630	602
Annar rekstrarkostnaður	4.150	3.481
	58.074	50.824

5.2 Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar og endurskoðunarnefndar sundurliðast þannig:

	2019	2018
Sturla Ómarsson, formaður stjórnar	3.418	3.143
Geirþrúður Alfreðsdóttir, varaformaður stjórnar	2.564	2.358
Kjartan Jónsson, meðstjórnandi	1.029	0
Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, meðstjórnandi	1.029	0
Grimur Helgi Pálsson, meðstjórnandi	1.029	0
Guðlaugur Ingi Sigurðsson, formaður endurskoðunarnefndar	309	170
Þorvaldur Þorsteinsson, í endurskoðunarnefnd	352	301
Sigríður Einarisdóttir, í endurskoðunarnefnd	141	0
Lára Sif Christiansen, í kjörnefnd	254	0
Varamenn í stjórn og fyrrverandi nefndarmenn	4.256	5.647
	14.381	11.620

5.3 Þóknanir til endurskoðenda greinast þannig:

	2019	2018
Endurskoðun ársreiknings	3.256	3.212
	3.256	3.212

5.4 Þóknanir til tryggingastærðfræðings greinast þannig:

	2019	2018
Útreikningar á tryggingafræðilegri stöðu	1.498	1.409
Önnur þjónusta	1.460	2.113
	2.958	3.522

Innri úttekt á sjóðnum, í samræmi við reglur FME, var framkvæmd af innri endurskoðun Arion banka hf., þóknun til innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Arion banka hf. samkvæmt samningi.

SKÝRINGAR

6. FJÁRFESTINGAR

6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig:

	31.12.2019			31.12.2018		
	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð
Skráð innlend hlutabréf						
Arion banki hf.	623.891	0,40%	563.958	6.936	0,00%	7.414
Arion banki hf - SDR	18.607	0,12%	19.807	14.433	0,01%	19.807
Eimskipafélag Íslands hf.	0	0,00%	0	80.144	0,19%	97.976
Festi hf.	153.506	0,36%	151.326	85.754	0,23%	93.550
Hagar hf.	91.054	0,17%	95.821	244.975	0,43%	242.310
Iceland Seafood International hf.	244.127	0,96%	184.002	179.609	0,89%	148.217
Icelandair Group hf	78.115	0,19%	130.432	99.118	0,21%	130.432
Kvika banki hf.	50.016	0,24%	31.694	68.274	0,43%	53.537
Marel hf.	987.884	0,21%	393.300	815.455	0,32%	538.746
Reginn hf.	244.895	0,61%	272.723	222.764	0,58%	262.208
Reitir fasteignafélag hf	476.316	0,95%	442.409	479.583	0,93%	442.409
Síminn hf.	60.244	0,12%	38.764	158.882	0,46%	146.379
Sjóvá-Almennar tryggingar hf	332.211	1,28%	251.500	267.725	1,36%	273.655
Skeljungur hf.	215.994	1,22%	183.137	249.624	1,62%	236.077
Tryggingamiðstöðin hf.	0	0,00%	0	8.682	0,05%	8.812
Vátryggingafélag Íslands	230.853	1,09%	209.620	272.175	1,38%	264.593
Össur hf	27.463	0,01%	13.352	137.191	0,06%	114.304
	3.835.176		2.981.845	3.391.324		3.080.427
Óskráð innlend hlutabréf						
Alda Credit Fund II slhf	11.130	0,68%	10.000	10.560	0,68%	10.000
ALDA Credit Fund slhf	12.530	0,66%	10.400	12.070	0,66%	10.400
Bakkastakkur slhf	559	2,09%	55.907	53.943	2,02%	53.961
Blávarmi GP	58	1,44%	58	0	0,00%	0
Blávarmi slhf.	207.061	1,37%	204.598	0	0,00%	0
Edda slhf.	54.571	1,80%	35.140	56.341	1,80%	35.140
Eignarh.fél Lífeyrissj. um verðbréfaþing ehf	68	0,90%	68	68	0,90%	68
FAST-1 slhf.	13	0,20%	8	13	0,00%	8
FSÍ Framtakssjóður						
Íslands GP ehf.	56	0,77%	56	56	0,77%	56
Horn II slhf.	9.419	1,05%	36.997	109.885	0,78%	36.997
Horn III slhf.	137.023	2,00%	203.600	145.821	2,35%	189.600
HSV eignarhaldsfélag slhf.	217.893	2,48%	96.453	56.789	2,21%	71.146
Hvatning slhf	141.379	1,67%	150.000	0	0,00%	0
Innviðir fjárfestingar slhf	85.932	2,89%	91.088	7.547	3,13%	8.000
Jarðvarmi GP ehf.	82	1,58%	80	82	1,58%	80
Jarðvarmi slhf.	510.805	1,44%	468.203	241.156	1,44%	298.872
Kjölfesta slhf	39.517	1,76%	41.556	37.551	1,76%	41.556
Landsbréf -						
Veðskuldabréfasjóður slhf.	6.944	1,14%	4.056	82.441	1,38%	68.995
Sameinað Sílikon hf.	0	0,00%	22.288	0	0,00%	22.288
SF V slhf.	15.375	0,93%	4.470	14.856	0,93%	4.470
SF VI slhf	83.975	1,94%	121.108	85.343	1,94%	121.108
SÍA II GP hf.	56	1,40%	56	56	1,40%	56
SÍA II slhf.	21.328	1,40%	11.879	57.726	1,40%	34.145
SÍA III GP hf.	57	1,56%	62	57	1,56%	62
SÍA III slhf.	118.660	1,56%	114.596	89.199	1,56%	88.835
Stoðir hf	0	0,00%	0	10.123	0,06%	7.362
TFII slhf.	58.549	2,25%	55.655	56.231	4,02%	56.231
Veðskuld II slhf	54	1,28%	51	54	1,28%	51
	1.733.094		1.738.432	1.127.968		1.159.486

SKÝRINGAR

6.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum greinast þannig, frh.:

	31.12.2019			31.12.2018		
	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð	Gangvirði	Eignar- hlutur	Kostnaðar- verð
Skráð erlend hlutabréf						
BankNordik P/F	0	0,00%	72.988	58.486	0,30%	72.988
Hlutabréf samtals	5.568.270		4.793.265	4.577.778		4.312.900
Innlend hlutdeildarskírteini						
Akta HL1-Hlutdeildarskírteini	54.906	3,40%	55.400	45.973	3,41%	55.400
FSÍ Framtakssjóður Íslands slhf.	19.368	0,77%	89.846	21.755	0,77%	89.846
GAMMA:						
Iceland Fixed Income Fund	109.820	0,76%	83.000	89.179	0,90%	83.000
Júpiter -						
Fagfjárfestasjóðurinn IHF	0	0,00%	0	85.868	3,00%	96.619
Fagfjárfjárfestasjóður TRF	87.078	1,94%	96.619	0	0,00%	0
Landsbréf LEQ UCITS ETF	0	0,00%	0	57.747	2,35%	62.412
Landsbanki Mezzanine Fund II	1.510	5,76%	2.391	1.405	5,45%	2.391
Landsbanki Private Equity II	15.701	0,53%	105.843	28.785	1,11%	105.843
Stefnir - ÍS 5	1.140.875	9,89%	797.145	896.717	8,99%	782.145
Stefnir - ÍS 15	2.065.262	10,15%	1.734.087	2.117.683	11,96%	2.021.163
Stefnir - Ísl. Athafnasjóðurinn I	7.428	2,37%	1.787	8.503	2,46%	2.178
Stefnir - Lausafjársgjóður	30.481	0,19%	30.328	47.859	0,21%	47.352
Stefnir - Sparifjársgjóður	433.511	3,49%	430.000	328.240	4,08%	325.000
ST1	199.240	2,93%	166.325	173.767	5,23%	152.325
	4.165.180		3.592.771	3.903.481		3.825.675
Erlend hlutdeildarskírteini						
Ashmore E.M Frontier						
EQ-Z2AU (USD)	109.221	0,56%	106.917	0	0,00%	0
Capital Group New Perspective						
Fund - LUX (USD)	770.240	0,12%	630.488	380.000	0,09%	394.251
DNB Fund						
- Norway Investment Grade ESG	139.609	0,26%	146.226	0	0,00%	0
Fidelity Funds - Inst Emerging						
Markets Eq USD	256.097	0,30%	205.931	122.199	0,18%	125.638
JPMorgan Funds - Global Bond						
Opportunities Fund	411.968	0,06%	381.310	91.066	0,02%	85.918
JPMF Euro Liquidity Fund	919.007	0,72%	956.289	0	0,00%	0
JPMorgan Liquidity Funds						
- U.S Dollar Lic F	268.340	0,02%	256.321	943.372	0,09%	863.315
Katla Fund Global Value	846.899	2,84%	489.676	644.327	2,73%	489.676
Montanaro European Smaller						
Companies Fund	204.790	0,28%	157.566	101.356	0,17%	98.348
Pimco Euro Inc. BD-INS. Acc.	189.395	0,04%	189.651	0	0,00%	0
Pimco GIS Income Fund (USD)	412.940	0,00%	376.751	100.634	0,00%	90.101
SSgA World IDX EQ-I -USD	1.239.377	0,19%	836.168	933.239	0,20%	836.168
SSgA World IDX EQ-I -EUR	2.908.387	0,40%	2.343.035	1.303.699	0,25%	1.276.105
Stryx World Growth-In-USD	396.160	0,29%	277.786	210.038	0,29%	180.817
Wellington Global						
Research Equity	794.036	1,71%	584.775	545.852	1,39%	525.653
Quality Growth fund (USD)	351.313	0,05%	288.786	125.036	0,03%	121.514
	10.217.779		8.227.676	5.500.818		5.087.505
Hlutdeildarskírteini samtals	14.382.959		11.820.447	9.404.299		8.913.179
Eignarhlutir og sjóðir samtals	19.951.229		16.613.712	13.982.077		13.226.079

SKÝRINGAR

6.2 Skuldabréf greinast þannig:

a) Skuldabréf á gangvirkni greinast þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Skuldabréf með ríkisábyrgð	7.261.143	7.116.105
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	645.666	426.703
Skuldabréf með ábyrgð fjármálafyrirtækja	2.517.604	2.508.884
Önnur verðbréf	4.632.217	3.746.370
	<u>15.056.630</u>	<u>13.798.062</u>

b) Útlán gegn veði í fasteignum greinast þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Sjóðfélagar	6.900.479	6.901.059
Aðrir aðilar	59.213	63.924
Varúðarniðurfærsla	(55.464)	(78.793)
	<u>6.904.228</u>	<u>6.886.190</u>
Skuldabréf samtals	<u>21.960.858</u>	<u>20.684.252</u>

6.3 Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig niður á gjaldmiðla:

	31.12.2019	31.12.2018
ISK	29.763.996	28.218.096
EUR	5.084.200	2.078.174
USD	6.876.090	4.156.148
DKK	27.463	195.677
GBP	2.122	3.801
NOK	139.609	0
SEK	18.607	14.433
	<u>41.912.087</u>	<u>34.666.329</u>

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:

	31.12.2019	31.12.2018
Eignir í íslenskum krónum	71,02%	81,40%
Eignir í erlendum gjaldmiðli	28,98%	18,60%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

SKÝRINGAR

6.4 Fjárfestingar greinast þannig eftir matsaðferðum:

Fjárfestingar í lok árs 2019	Gangvirði	Útlán	Kostnaðar- verð	Samtals 31.12.2019	Gangvirði 31.12.2019
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	19.951.229	0	0	19.951.229	19.951.229
Skuldabréf	15.056.631	6.904.227	0	21.960.858	21.960.858
	35.007.860	6.904.227	0	41.912.087	41.912.087

Fjárfestingar í lok árs 2018	Gangvirði	Útlán	Kostnaðar- verð	Samtals 31.12.2018	Gangvirði 31.12.2018
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	13.982.077	0	0	13.982.077	13.982.077
Skuldabréf	13.798.062	6.886.190	0	20.684.252	20.684.252
	27.780.139	6.886.190	0	34.666.329	34.666.329

6.5 Þrepaskipting gangvirðis

Eftirlaunasjóður FÍA notar eftirfarandi þrepaskiptingu til að ákvarða og greina frá gangvirði fjárfestinga eftir matsaðferð:

1. þrep: Skráð verð á virkum markaði á sambærilegum eignum eða skuldum.
2. þrep: Virðismatsaðferð beitt þar sem allar mikilvægar breytur byggja á markaðsupplýsingum, ýmist beint eða óbeint.
3. þrep: Virðismatsaðferð beitt sem felur í sér mikilvægar breytur sem byggja ekki á markaðsupplýsingum.

Ársfjórðungslega er flokkunin yfirfarin til að meta hvort eignir sem reglulega eru metnar til gangvirðis hafi færst milli þrepa. Er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna.

Eignir sem færðar eru á gangvirði greinast þannig eftir þrepum:

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals 31.12.2019
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	3.835.176	14.338.965	1.777.088	19.951.229
Skuldabréf	12.038.754	2.411.260	606.617	15.056.631
	15.873.930	16.750.225	2.383.705	35.007.860

	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals 31.12.2018
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	3.507.556	9.296.241	1.178.280	13.982.077
Skuldabréf	11.046.312	2.142.488	609.262	13.798.062
	14.553.868	11.438.729	1.787.542	27.780.139

Breytingar á eignum í 3. þrepi, færðar á gangvirði.

	2019
Staða í ársbyrjun	1.787.542
Keypt á árinu	831.638
Selt á árinu og arðgreiðslur	(218.808)
Afborganir	(31.329)
Hrein gangvirðisbreyting	4.155
Gengismunur vegna erlendra gjaldmiðla	10.507
Staða í lok árs	2.383.705

SKÝRINGAR

6.6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Húseignir og lóðir:

	Fasteignir
Árslok 2018	
Bókfært verð í ársbyrjun	13.528
Afskriftir	(360)
Bókfært verð í árslok	<u>13.168</u>

Bókfært verð í árslok 2018 greinist þannig:

Kostnaðarverð	18.009
Uppsafnaðar afskriftir	(4.841)
Bókfært verð í árslok	<u>13.168</u>

Árslok 2019

Bókfært verð í ársbyrjun	13.168
Afskriftir	(360)
Bókfært verð í árslok	<u>12.808</u>

Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig:

Kostnaðarverð	18.009
Uppsafnaðar afskriftir	(5.201)
Bókfært verð í árslok	<u>12.808</u>

Fasteignir sjóðsins í árslok 2019 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
Hlíðasmári 8	16.000	2.410	12.808

7. ÖNNUR MÁL

7.1 Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam lífeyrisskuldbinding Eftirlaunasjóðs FÍA 65.983 milljónum kr. í árslok 2019 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign sjóðsins í árslok 2019 var 68.573 milljónir kr. eða 2.589 milljónum kr. hærri eða sem nemur 3,9%. Breyting á tryggingafræðilegri stöðu greinist þannig:

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar

	31.12.2019	31.12.2018
Eignir:		
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	68.572.530	61.724.106
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	61.724.106	49.726.503
Hækkun endurmetinnar eignar á árinu	6.848.424	11.997.603
Skuldbindingar:	31.12.2019	31.12.2018
Skuldbindingar í árslok	65.983.403	60.611.187
Skuldbindingar í ársbyrjun	60.611.187	47.810.473
Hækkun skuldbindinga á árinu	5.372.216	12.800.714
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	<u>1.476.208</u>	<u>(803.111)</u>

SKÝRINGAR

7.1 Tryggingafræðileg úttekt, frh.

Yfirlit um breytingar á áföllum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar	2019	2018
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	33.166.154	30.212.813
Hækkun áunnina réttinda vegna breytinga á samþykktum	0	0
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	2.149.812	2.146.665
Hækkun áunnina réttinda vegna iðgjalda ársins	2.302.496	2.114.597
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	(956.262)	(914.077)
Hækkun vegna nýrra lífslíka	365.823	0
Lækkun vegna nýrra örorkulíka	(95.894)	0
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	(430.669)	(393.844)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	36.501.460	33.166.154

Af hálfu Félags Íslenskra tryggingastærðfræðinga hafa verið kynntar hugmyndir um að áætlun um lífslíkur fólks í framtíðinni verði grundvöllur við mat á lífeyrisskuldbindingum lífeyrissjóða en ekki lífslíkur út frá reynslu í fortíðinni eins og hefur verið. Breyttar forsendur myndu hækka áfallnar skuldbindingar sjóðsins. Sem mótvægi við hækkun skuldbindinga hafa Landssamtök lífeyrissjóða kynnt hugmyndir um að ellilífeyristökualdur verði hækkaður um 2 mánuði á ári næstu 12 árin og 1 mánuði á ári næstu 12 ár þar á eftir. Þannig yrði ellilífeyristökualdur hækkaður í litlum skrefum um þrjú ár næstu 24 árin. Markmið þessara mótvægisáðgerða væri fyrst og fremst að draga úr hækkun skuldbindinga vegna hækkandi meðalævi. Talið er eðlilegt að samfara hækkun á meðalævi hækki ellilífeyristökualdur þannig að greiðslutími ellilífeyris verði svipaður að lengd hjá öllum árgöngum. Þar sem þessi leið er ekki fær fyrir sjóðfélaga Eftirlaunasjóðs FÍA þarf að skoða sértæka lausn fyrir sjóðinn.

7.2 Örorkubótasamkomulag

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi sem Íslenski lífeyrissjóðurinn, Eftirlaunasjóður FÍA, lífeyrissjóður Rangæinga og lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands gerðu sín á milli í desember 2006 um skiptingu örorkuáættu lífeyrissjóða

Skuld sjóðsins vegna þessa er 9,97 milljónir kr. í árslok 2019.

	31.12.2019	31.12.2018
Örorkubótasamkomulag vegna 2019 (áætlun)	(1.940)	0
Örorkubótasamkomulag vegna 2018 (áætlun)	(8.127)	(8.127)
Örorkubótasamkomulag vegna 2017	0	(1.364)
Örorkubótasamkomulag vegna 2016	7	6.124
Örorkubótasamkomulag vegna 2015	45	17.022
Örorkubótasamkomulag vegna 2014	45	10.468
Örorkubótasamkomulag vegna 2012	0	43
	(9.970)	24.166

7.3 Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	31.12.2019	31.12.2018
Heildarskuldbindingar samkvæmt samningum í árslok	1.435.000	1.390.000
Heildarfjárfestingar	(989.439)	(886.068)
Skuldbinding í árslok í íslenskum krónum	445.561	503.932

8. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING

8.1 Áhættustýring

Áhætta í starfsemi lífeyrissjóðsins er skilgreind, sem hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði. Áhætta nær til atvika sem lúta að eignum, skuldbindingum og daglegum rekstri sjóðsins. Hlutverk stjórnar lífeyrissjóðsins er meðal annars að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða hefur stjórn sjóðsins sett fram stefnu um áhættu í starfsemi lífeyrissjóðsins sem hún er reiðubúin að taka í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins. Sjóðurinn hefur jafnframt sett sér áhættustýringarstefnu þar sem fram kemur hvernig lífeyrissjóðurinn ætlar sér að stýra áhættuþáttum í daglegum rekstri sjóðsins.

Hér verður greint frá helstu áhættuþáttum sem felast í starfsemi sjóðsins.

8.2 Lífeyrstryggingaráhætta

Lífeyrstryggingaráhætta er hætta á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsendna um vexti og verðbólgu. Árlega skal stjórn sjóðsins láta fara fram athugun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997. Tryggingafræðileg athugun felur í sér samanburð á hreinni eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðar iðgjalda og núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meiri en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er sjóðnum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Hið sama gildir ef munur helst meiri en 5% samfelt í fimm ár. Áhættan er mæld með álagsprófi þar sem metin eru áhrif ýmissa sviðsmynda á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Sjóðurinn stýrir lífeyrstryggingaráhættu með fjárfestingar- og áhættustýringarstefnu sem settar eru með það markmið að sjóðurinn nái markmiði sínu að geta staðið við lífeyrisskuldbindingar sínar. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á helstu áhættuþáttum, sem geta haft áhrif á getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar, með skýrslugjöf.

Tryggingafræðileg staða eftir álagspróf	31.12.2019	31.12.2018
Núvirðisvextir í tryggingafræðilegri úttekt lækkaðir um 0,5%	-5,2%	-7,2%
Líftöflur hliðrast um 2 ár	-1,3%	-3,3%
Örorkulíkur auknar um 10%	3,3%	1,1%
VNV hækkun ársins aukin um 0,5%	3,8%	1,7%
GVT lækkar um 10%	1,9%	0,4%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf lækka um 10%	2,9%	0,7%
Innlend/erlend markaðsskuldabréf lækka um 10%	1,4%	-0,5%
Erlend hlutabréf lækka um 10%	2,7%	1,1%
Innlend hlutabréf lækka um 10%	2,6%	0,6%
Innlend og erlend hlutabréf lækka um 20% í uppgjörsmýnt, GVT hækkar um 15%	1,8%	0,0%

8.3 Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði

Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði er hætta á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma, sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar. Slíkt misvægi getur myndast þar sem lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar en eignir einungis að hluta. Verðbólguáhætta sjóðsins er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar verðbólgu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir verðbólguáhættu með því að breyta vægi verðtryggðra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafns sjóðsins. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á verðbólguáhættu með skýrslugjöf. Eftirfarandi eru áhrif hækkunar vísitölu neysluverðs á heildareignir sjóðsins.

Álagspróf	31.12.2019	31.12.2018
10% hækkun vísitölu neysluverðs	3,58%	4,22%

SKÝRINGAR

8.4 Markaðsáhhætta

Markaðsáhhætta er hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem stafar beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna. Markaðsáhhættan hefur því aðeins bein áhrif á áunna tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, en ekki framtíðarstöðu.

a) Vaxta- og endurfjármögnunaráhhætta

Vaxtaáhhætta er hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferilsins leiði til lækkunar á virði skuldabréfa og að ekki verði hægt að fjárfesta í skuldabréfum á jafn hárrí ávöxtunarkröfu í framhaldinu. Áhættan er mæld með álagsprófi sem segir til um áhrif fyrirfram skilgreindrar hækkunar ávöxtunarkröfu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir vaxtaáhhættu með því að breyta vægi skuldabréfasafnsins af heildareignum sjóðsins og með því að breyta meðallíftíma skuldabréfasafnsins, en meðallíftími er mælikvarði á næmni skuldabréfa fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram kemur viðmið um meðallíftíma skuldabréfasafns og takmarkanir á vægi eignaflokka, þar með talið skuldabréfa. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á vaxtaáhhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf. Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif hækkun ávöxtunarkröfu skuldabréfa hefur á markaðsvirði hreinnar eignar til greiðslu lífeyris.

Álagspróf	31.12.2019	31.12.2018
100 pt hækkun verðtryggðra vaxta	-2,89%	-3,31%
200 pt hækkun óverðtryggðra vaxta	-0,02%	-0,04%

b) Hlutabréfaáhhætta

Hlutabréfaáhhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna lækkunar á hlutabréfum, þar með talið hlutabréfaeign í gegnum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Áhættan er mæld með álagsprófum sem segja til um áhrif fyrirfram skilgreindrar lækkunar hlutabréfa á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir hlutabréfaáhhættu með því að breyta vægi hlutabréfa af heildareignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem takmarkanir eru settar á vægi eignaflokka, þar með talið hlutabréfa og sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á hlutabréfaáhhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf. Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif lækkun á hlutabréfum ásamt veikingu krónu hefur á markaðsvirði hreinnar eignar til greiðslu lífeyris.

Álagspróf	31.12.2019	31.12.2018
30% lækkun innlendra hlutabréfa	-5,95%	-6,04%
20% lækkun erlendra hlutabréfa	-3,78%	-2,47%
15% gengishækkun annarra eigna í erlendum gjaldmiðlum	1,82%	1,61%
Samtals	-7,91%	-6,90%

c) Gjaldmiðlaáhhætta

Gjaldmiðlaáhhætta er hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla (styrking ISK gagnvart erlendum gjaldmiðlum) rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Styrking krónunnar gæti því skapað misvægi á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins þar sem lífeyrisskuldbindingar hans eru í íslenskum krónum. Gjalddeyrissáhhætta sjóðsins er mæld með eins mánaðar fé í húfi miðað við 99,5% öryggisbil. Mælikvarðinn segir til um hversu mikið getur tapast á einum mánuði vegna gjaldmiðlahreyfinga, þannig að einungis 0,5% líkur eru á að tapið verði meira. Auknar sveiflur í gengi krónunnar hafa neikvæð áhrif á þennan mælikvarða auk þess sem staða sjóðsins í eignum í erlendum gjaldmiðlum hefur áhrif. Sjóðurinn stýrir áhættunni með því að breyta hlutfalli erlendra eigna af heildareignum. Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram koma takmarkanir á vægi eigna í erlendum gjaldmiðlum. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á gjaldmiðlaáhhættu og árangri við hlítingu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Áhættumælikvarði	31.12.2019	31.12.2018
1 mánn. fé í húfi m.v. 99,5% öryggisbil	-1,36%	-2,09%

SKÝRINGAR

8.5 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sökum þess að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar. Áhættan ræðst bæði af líkum á greiðslufalli og áætluðum endurheimtum ef til greiðslufalls kemur. Mótaðilaáhætta er mæld með því að sundurgreina skuldabréfasafn sjóðsins eftir tegund útgefenda. Sjóðurinn stýrir útlánaáættu með takmörkunum á vægi skuldabréfa eftir tegund útgefenda ásamt takmörkunum á vægi stakra útgefenda og tengdra aðila af heildareignum sjóðsins, sem tilgreind eru í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Áhættustýring hefur eftirlit með hlítinu við fjárfestingarstefnu og greinir stjórn reglulega frá mælingum á mótaðilaáættu og árangri við hlítinu við fjárfestingarstefnu með skýrslugjöf.

Tegund skuldabréfaútgefenda	31.12.2019	31.12.2018
Ríki	33,1%	34,3%
Fjármálafyrirtæki	12,4%	12,1%
þar af sértryggð skuldabréf	8,2%	9,7%
Sveitarfélög	2,9%	2,1%
Fyrirtæki	20,0%	18,0%
Sjóðfélagalán	31,6%	33,5%

8.6 Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta er hættan á auknu fjárhagslegu tapi vegna of mikillar samþjöppunar eigna. Sjóðurinn gætir þess að eignir hans séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka.

Tafla 1 inniheldur 12 stærstu mótaðila EFÍA í lok árs 2019 og til samanburðar sýnir Tafla 2 stöðuna í lok árs 2018. Aðilar sem teljast til sömu samstæðu eða tilheyra hópi tengdra viðskiptavina skv. lögum um lífeyrissjóði teljast einn aðili. Flokkað er niður á eignaflokka skv. 36. gr. a. í lífeyrissjóðslögum.

A og B: Ríkisskuldabréf (OECD, Evrópska efnahagssvæðið og Færeyjar), fasteignaveðtryggð skuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga, innlán viðskiptabanka og sparisjóða, sértryggð skuldabréf skv. lögum þar um.

C og D: Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl útgefin af lánastofnunum og váttryggingafélögum, fyrir utan víkjandi bréf, hlutir í verðbréfasjóðum skv. lögum þar um, skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

E og F: Hlutabréf félaga, hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, fasteignir (OECD, Evrópska efnahagssvæðið og Færeyjar), afleiður sem draga út áhættu sjóðsins og aðrir fjármálagæringar.

Útgefandi - 31.12.2019	Hlutfall	Eignaflokkur A og B	Eignaflokkur C og D	Eignaflokkur E og F
Sjóðfélagar	16,09%	16,09%	0,00%	0,00%
ÍL-sjóður	12,92%	12,92%	0,00%	0,00%
State Street Global Advisors France (1)	9,60%	0,00%	9,60%	0,00%
Arion banki hf.	8,03%	3,84%	0,56%	3,63%
Marel hf.	4,07%	0,00%	0,00%	4,07%
JP Morgan Investment Management Ltd. (1)	3,70%	0,00%	3,70%	0,00%
Landsbankinn hf.	3,67%	1,95%	1,00%	0,72%
US TREASURY N/B	3,30%	3,30%	0,00%	0,00%
Reitir fasteignafélag hf.	2,65%	0,00%	1,55%	1,10%
Wellington Luxemburg SA (1)	2,65%	0,00%	2,65%	0,00%
Reginn hf.	2,27%	0,00%	1,40%	0,87%
Lykill Fjármögnun hf.	2,19%	0,00%	1,86%	0,33%

Tafla 1 12 stærstu mótaðilar EFÍA í lok árs 2019, horft í gegnum helstu innlenda verðbréfa- og fjárfestingasjóði.

SKÝRINGAR

8.6 Samþjöppunaráhætta, frh.

Útgefandi - 31.12.2018	Hlutfall	Eignaflokkur A og B	Eignaflokkur C og D	Eignaflokkur E og F
Sjóðfélagar	18,82%	18,82%	0,00%	0,00%
Íbúðalánasjóður	17,76%	17,76%	0,00%	0,00%
Arion banki hf.	9,90%	7,71%	0,90%	1,29%
State Street Global Advisors France	6,04%	0,00%	6,04%	0,00%
Marel hf.	4,70%	0,00%	0,00%	4,70%
JP Morgan Investment Management Ltd.	2,79%	0,00%	2,79%	0,00%
Reitir fasteignafélag hf.	2,67%	0,00%	1,37%	1,29%
Íslandsbanki hf.	2,63%	2,60%	0,03%	0,00%
Reginn hf.	2,52%	0,00%	1,63%	0,89%
Kvika banki hf.	2,36%	0,12%	0,77%	1,48%
Landsbankinn hf.	2,06%	1,09%	0,01%	0,97%
Reykjavíkurborg	1,84%	0,62%	1,22%	0,00%

Tafla 2 12 stærstu mótaðilar EFÍA í lok árs 2018, horft í gegnum helstu innlenda verðbréfa- og fjárfestingasjóði.

Stærsti hluti af mótaðilaáhættu Íslandsbanka og Landsbanka eru í gegnum sértryggð skuldabréf, en sjóðurinn á einnig hluti í fagsfjárfestingasjóðum, sem tengjast Landsbankanum. Sjóðurinn á bæði skuldabréf og hlutabréf á Reiti fasteignafélag.

Mótaðilaáhætta tengd Arion banka, þegar horft er í gegnum verðbréfa- og fjárfestingasjóði, er fyrst og fremst í gegnum innlán, sértryggð skuldabréf og hluteildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, en þar er um að ræða framtakssjóði sem tengjast Arion banka.

Eignaflokkur	31.12.2019	31.12.2018
Innlán	3,18%	6,46%
Sértryggð skuldabréf	0,67%	1,25%
Skuldabréf og víxlar lánastofnana, að undanskildum víkjandi skuldabréfum	0,01%	0,90%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	0,55%	0,00%
Hlutabréf félaga	2,54%	0,06%
Hluteildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1,08%	1,22%
Afleiður	0,00%	0,00%
Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0,00%	0,01%
Samtals:	8,03%	9,90%

Tafla 3 Skipting mótaðilaáhættu Arion banka.

8.7 Lausafjáraáætla

Lausafjáraáætla er hættan á að sjóðurinn hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði þegar þær gjaldfalla, t.d. lífeyrisgreiðslur, uppgjör verðbréfaviðskipta, greiðslur vegna reksturs á sjóðnum og flutningar á séreignarsparnaði. Áhættan er mæld með því að flokka eignir sjóðsins eftir seljanleika. Greint er á milli þriggja flokka seljanleika: 1) eignir með viðskiptavakt eða regluleg viðskipti og sjóðir með innlausnarskyldu, 2) aðrar skráðar eignir og 3) óskráðar eignir og sjóðir án innlausnarskyldu. Sjóðurinn stýrir lausafjáraáættu með því að greina vænt greiðsluflæði og gæta þess að varðveita nægjanlegt fjármagn í auðseljanlegum eignum svo sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á lausafjáraáættu með skýrslugjöf.

Seljanleikaflokkun	31.12.2019	31.12.2018
Flokkur 1.....	65,7%	63,6%
Flokkur 2.....	11,0%	10,3%
Flokkur 3.....	23,3%	26,0%

8.8 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta. Sjóðurinn stýrir rekstraráhættu með virku innra eftirliti sem er hluti af daglegri starfsemi sjóðsins. Innra eftirlit samanstendur meðal annars af skjalfestum verkferlum, aðskilnaði starfa, ábyrgðum og heimildum starfsmanna ásamt öðrum innri reglum. Sjóðurinn framkvæmir árlega mat þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt, möguleg áhrif þeirra greind og virkni stýringa metin. Í framhaldinu er ákveðið hvort grípa eigi til aðgerða til þess að bæta stýringar áhættuþátta. Meðal þeirra rekstraráhættuþátta sem litið er til eru eftirfarandi:

- **Starfsmannaáhætta:** Hætta á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika og/eða fjárhagslegs taps.
- **Svikemisáhætta:** Hætta á að sviksemi starfsmanna rekstraraðila eða utanaðkomandi aðila leiði til fjárhagslegs taps.
- **Orðsporsáhætta:** Hætta á að hnekkir á orðspori sjóðsins leiði til fjárhagslegs taps.
- **Upplýsingatækniahætta og öryggismál:** Áhætta sem getur falist í röngum og/eða ófullnægjandi upplýsingum, tiltækileika upplýsinganna, rangri úrvinnslu þeirra, aðgangsheimildum og öðrum öryggismálum.
- **Lög og reglur:** Hætta á að sjóðurinn starfi ekki í samræmi við lög og reglur, og/eða að lagabreytingar eða túlkun laga leiði til fjárhagslegs taps eða verði sjóðnum íþyngjandi á annan hátt.
- **Skjalaáhætta:** Hætta á að ófullnægjandi skjalagerð eða skjöl, s.s. samningar um eignastýringu og ráðstöfun iðgjalda, séu ekki aðgengileg og/eða vistuð á öruggan hátt.
- **Áhætta vegna útivistunar:** Áhætta sem felst í útivistunarsamningi, þ.m.t. hagsmunaárekstrar sem skapast geta milli sjóðsins og útivistunaraðilans.
- **Upplýsingaáhætta:** Hætta á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum.
- **Verkferlar og framkvæmd:** Hætta á að mistök starfsmanna, ófullnægjandi verkferlar eða því að verkferlum sé ekki fylgt leiði til fjárhagslegs taps fyrir sjóðinn.
- **Úrskurðaráhætta lífeyris:** Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum sem getur leitt til endurkrafna og gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins.

KENNITÖLUR

Fimm ára yfirlit

	2019	2018	2017	2016	2015
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar.....	3,92%	1,84%	3,15%	4,01%	8,19%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar.....	6,94%	2,93%	5,18%	6,63%	15,31%

Hrein raunávöxtun

Hrein raunávöxtun.....	9,74%	1,70%	4,21%	(1,85%)	14,04%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðustu 5 ár *.....	5,42%	4,37%	5,35%	5,46%	6,35%
síðustu 10 ár *.....	4,98%	4,11%	0,85%	0,59%	1,63%

* Ávöxtunartölur hafa ekki verið endurreiknaðar vegna árána 2004-2011 með ttt. mismunar á markaðsvirði verðbréfa og virði þeirra mv. kaupkröfu.

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga

Skráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	33,53%	26,01%	22,33%	17,15%	15,28%
Skráð skuldabréf %.....	34,13%	37,72%	38,85%	45,67%	50,00%
Óskráðir eignarhlutar í félögum og sjóðum %.....	14,07%	14,28%	16,66%	22,18%	25,37%
Óskráð skuldabréf %.....	1,79%	2,11%	2,68%	2,53%	2,31%
Veðlán.....	16,47%	19,88%	19,35%	12,33%	7,04%
Aðrar fjárfestingar.....	0,00%	0,00%	0,13%	0,14%	0,00%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Eignir í íslenskum krónum.....	71,02%	81,40%	86,55%	90,69%	91,57%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	28,98%	18,60%	13,45%	9,31%	8,43%
	<u>o</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Fjöldi

Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga	802	816	678	642	623
Fjöldi sjóðfélaga í árslok.....	1.130	1.102	1.037	970	919
Meðalfjöldi lífeyrisþega.....	201	201	195	185	178
Fjöldi lífeyrisþega	209	211	206	196	185

Hlutfallsleg skipting lífeyris:

Ellilífeyrir.....	76,76%	77,12%	77,41%	75,18%	74,36%
Örorkulífeyrir.....	8,26%	8,32%	8,27%	10,25%	12,72%
Makalífeyrir.....	13,52%	12,81%	12,28%	12,22%	10,42%
Barnalífeyrir.....	1,46%	1,75%	2,05%	2,35%	2,50%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

KENNITÖLUR

	2019	2018	2017	2016	2015
Fjárhæðir á föstu verðlagi					
Iðgjöld alls.....	2.313	2.181	1.896	1.722	1.451
Lífeyrir alls.....	972	959	923	851	827
Hreinar fjárfestingartekjur.....	4.879	1.853	2.090	112	4.742
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....	58	52	45	42	42
Hækkun/lækkun á hreinni eign	6.162	3.022	3.018	940	5.324
Aðrar kennitölur					
Lífeyrisbyrði.....	42,0%	44,0%	48,7%	49,4%	57,0%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum.....	2,5%	2,4%	2,4%	2,5%	2,9%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna.....	12,0%	5,0%	5,9%	0,3%	15,3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna.....	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%

ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

STARFSEMI

Hlutverk Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA) er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Starfsemi sjóðsins felst þannig einkum í varðveislu og ávöxtun lífeyrissparnaðar sjóðfélaga með það að markmiði að hámarka lífeyrisgreiðslur þeirra að lokinni starfsævi. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Rekstur EFÍA er í höndum Arion banka skv. sérstökum rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins hefur gert við bankann og sinna því starfsmenn hans rekstri og eignastýringu sjóðsins.

UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Samfélagsábyrgð skiptir EFÍA miklu máli og hefur sjóðurinn að leiðarljósi stjórnunarlega hugmyndafræði sem gengur út á að fyrirtæki og stofnanir viðhaldi jafnvægi á milli fjárhags-, umhverfis og samfélagsþátta og hugi að öllum þessum þáttum við stefnumótun og ákvörðunartöku. Við mat á samfélagsþáttum er mikilvægt að skilgreina hvað í starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er veigamest með tilliti til samfélagsþátta og sjálfbærni.

Ein höfuðskylda EFÍA þegar kemur að samfélagsábyrgð lítur að skilgreindu hlutverki hans um að varðveita og ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja sjóðfélögum og eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Þetta gerir sjóðurinn með því að sýna ábyrgð í fjárfestingum sínum, leggja áherslu á góða stjórnarhætti, fræðslu til sjóðfélaga um lífeyrismál og góðum árangri í starfsemi sjóðsins.

EFÍA stuðlar að minni pappírnotkun með því að bjóða upp á rafræn yfirlit og rafrænar umsóknir um lífeyrisgreiðslur. Fréttir og fréttabréf sjóðsins eru rafræn.

ÁBYRGAR FJÁRFESTINGAR OG GÓÐIR STJÓRNARHÆTTIR

Vinna við mótun stefnu EFÍA í ábyrgum fjárfestingum og hluthafastefna sjóðsins hófst á árinu 2017, á árinu 2018 voru stefnurnar samþykktar af stjórn og í kjölfarið gerðar aðgengilegar á vef sjóðsins. Eftirfylgni hluthafastefnu er meðal annars fólgin í því að EFÍA nýti kosningarétt sinn og fylgi fjárfestingu sinni eftir með mætingu á hluthafafundi þeirra félaga sem sjóðurinn fjárfestir í. Á árinu 2019 mætti EFÍA á 12 hluthafafundi skráðra félaga og hefur ráðstöfun atkvæða sjóðsins verið birt á heimasíðu hans. Rekstraraðili EFÍA er stofnaðili að IcelandSIF, samtökum um ábyrgar fjárfestingar sem stofnuð voru 2017. Aðilar samtakanna eru starfsleyfis skyld fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir og tryggingarfélag og er tilgangur þeirra að efla þekkingu fjárfesta á aðferðarfræði sjálfbærra og ábygrra fjárfestinga með því að stuðla að aukinni umræðu um málaflokkinn. Rekstraraðili sjóðsins hefur verið aðili að UN Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð fyrirtækja, frá árslokum 2016 og skilar árlega framvinduskýrslu til Sameinuðu þjóðanna. Síðla árs 2017 gerðist rekstraraðili sjóðsins aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) og í júlí 2019 gerðist rekstraraðili aðili að UNEP FI, United Nations Environment Programme Finance Initiative.

FRÆÐSLA TIL SJÓÐFÉLAGA

EFÍA telur mikilvægt að sjóðurinn sinni fræðslu til sjóðfélaga um lífeyrismál. Í því sambandi hefur hann á árinu í samtarfi við rekstraraðila sjóðsins staðið reglulega fyrir vel sóttum opnum fræðslufundum um lífeyrissparnað og sértækum upplýsingafundum um EFÍA. Þá leggur sjóðurinn áherslu á rafræna upplýsingagjöf til sjóðfélaga og hefur sent sjóðfélögum reglulega upplýsingapistla og skrifað í fréttabréf stéttarfélags sjóðfélaga á árinu 2019.

GÓÐGERÐARMÁL

Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er EFÍA ekki heimilt að inna af hendi fjárfraðslu til góðgerðarmála.

ÓFJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

STARFSFÓLK

Rekstur EFÍA er í höndum Arion banka skv. rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins hefur gert við bankann. Samkvæmt honum sinna starfsmenn Arion banka rekstri og eignastýringu sjóðsins. Sjóðurinn hefur því enga starfsmenn og því vísað til stefnu og reglna Arion banka, t.d. mannauðs-, jafnlauna- og jafnréttisstefnu, almennra starfsreglna, starfs- og siðareglna fyrir starfsfólk, reglna bankans um gjafir og skemmtanir og reglna um verðbréfavíðskipti starfsmanna.

Mannauðsstefnan hefur að leiðarljósi að efla mannauð með því að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum og að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Hvers kyns mismunur á grundvelli kynferðis er í andstöðu við jafnréttisstefnu og jafnréttislög. Jafnframt hefur Arion banki hlotið Jafnlaunavottun VR sem staðfestir að búið er að kerfisbinda launaákvæðanir og innleiða jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum ÍST 85:2012.

MANNRÉTTINDI OG SPILLING

EFÍA fylgir lögum og reglum sem um starfsemi hans gilda og styður við og virðir mannréttindi í allri sinni starfsemi. Sjóðurinn gerir ríkar kröfur um að samstarfsaðilar sínir virði mannréttindi, rétt til félagaafrelsis, réttindi á vinnumarkaði og bjóði upp á góðan og öruggan aðbúnað á vinnustað.

Til að vinna gegn spillingu hefur stjórn sjóðsins t.a.m. sett sér starfsreglur, samskipta- og siðareglur, verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna lífeyrissjóðsins með fjármálagerninga, aðgerðir gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka o.fl. Samsvarandi reglur eru í gildi fyrir starfsmenn sem þjónusta sjóðinn að jafnaði. Þessar reglur má finna í reglum og skilmálum stjórnarhátta hjá Arion banka. Þar má m.a. finna verklagsreglur vegna hagsmunaárekstra, reglur um viðskipti starfsmanna, aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, siðareglur o.fl.

FJÁRFESTINGARSTEFNA 2020 - ÚTDRÁTTUR

FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU

Í 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að stjórn skuli móta og kunngera fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn og ávaxta fé sjóðsins innan þeirra marka sem löginn setja. Fjárfestingarstefnan er sett til langs tíma en endurskoðuð að minnsta kosti árlega. Samkvæmt 37. gr. laganna skulu lífeyrissjóðir senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert. Fjárfestingarstefnan er birt á heimasíðu sjóðsins. Eignir Eftirlaunasjóðs FÍA skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum, samþykktum Eftirlaunasjóðs FÍA og samkvæmt reglugerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

FJÁRFESTINGARSTEFNA EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA

Í samræmi við það sem að framan greinir skal skipting verðbréfaeignar Eftirlaunasjóðs FÍA í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 1. Um nánari skiptingu hlutabréfa og annarra verðbréfa má sjá í töflum 2 og 3. Fjárfestingar sjóðsins skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög. Heimilt er að nýta víkmörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna sjóðsins. Eignasamsetning er innan víkmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu umfram ákvæði laga nr. 129/1997.

	FLOKKAR VERÐBRÉFA	STEFNA	VIKMÖRK
A	a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	12%	5-100%
	b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf	17%	0-40%
B	a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2%	0-10%
	b. Innlán	5%	0-20%
	c. Sértryggð skuldabréf	5%	0-30%
C	a. Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga, undanskilið víkjandi skuldabréf	2%	0-10%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS	20%	0-50%
D	a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga	15%	0-30%
	b. o	2%	0-15%
E	a. Hlutabréf félaga	9%	0-30%
	b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	11%	0-30%
	c. Fasteignir	0%	0-1%
F	a. Afleiður	0%	0-10%
	b. Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður	0%	0-10%
	Samtals:	100%	

Tafla 1. Flokkar verðbréfa.

EIGNAFLOKKAR	STEFNA	VIKMÖRK
Skráð innlend hlutabréf	14%	0-30%
Óskráð innlend hlutabréf	2%	0-10%
Erlend hlutabréf	20%	0-40%

Tafla 2. Nánari takmarkanir á hlutabréfaáhættu eftir eðli fjárfestinga.

EIGNAFLOKKAR	MARKMIÐ	VIKMÖRK
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingarfélag	8%	0-20%
Víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingarfélag	2%	0-4%
Innlán og skuldabréf í erlendum gjaldmiðli (þ.m.t. peningamarkaðs- og skuldabréfasjóða)	9%	0-40%
Erlendar eignir	32%	0-50%
Sérhæfar erlendar eignir	3%	0-8%

Tafla 3. Aðrar takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

GRUNDVÖLLUR SJÓÐSINS OG HLUTVERK

Eftirlaunasjóður FÍA starfar í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna og samkvæmt kjarasamningum Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins.

Stjórnarhættir eru markaðir af starfsreglum stjórnar, samþykktum sjóðsins og áður nefndum lögum og reglugerðum. Stjórn hefur sett ýmsar reglur um starfsemina svo sem starfsreglur stjórnar og endurskoðunarnefndar, samþykktir sjóðsins, samskipta- og siðareglur, persónuverndarstefnu og greining á hagsmunaaðreksstrum. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar sjóðfélögum á heimasíðu sjóðsins. Þar má jafnframt nálgast reglur sjóðsins um aðgerðir gegn peningabætti, útivistunarstefnu og verklagsreglur um verðbrefaviðskipti EFÍA.

Vald ársfundar í málefnum sjóðsins fer samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/1997. Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar eiga rétt á fundarsetu með málfræsi og tillögurétti. Atkvæðisrétt á ársfundi eiga sjóðfélagar sem greiða eða eiga geymd réttindi vegna iðgjaldagreiðslna í 2 ár og fer hver með eitt atkvæði.

Eftirlaunasjóður FÍA hefur gert samning við Arion banka hf. og tók hann við umsjón og eignastýringu sjóðsins í byrjun árs 2012. Enginn starfsmaður var hjá sjóðnum á árinu. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður Arion banka hf. Arion banki hf. leitast við að annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur haft eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

STJÓRN, UNDIRNEFNDIR OG FRAMKVÆMDASTJÓRI

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins. Stjórn mótar fjárfestingastefnu sjóðsins og áhættustefnu og setur sér starfsáætlun. Hlutverk stjórnar er skilgreint ítarlegar í starfsreglum stjórnar og samþykktum sjóðsins.

Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA skipa fimm stjórnarmenn og fimm varamenn. Tveir aðalmenn og tveir varamenn skulu tilnefndir af atvinnurekendum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra til sjóðsins, þrír aðalmenn og þrír varamenn skulu kjörnir af sjóðfélögum. Á árinu 2019 var í fyrsta sinn kosið til stjórnar og giltu um hinar fyrstu kosningar sérákvæði. Kjörnir voru tveir aðalmenn og einn varamaður til tveggja ára en FÍA skipaði á móti einn aðalmann og tvo varamenn til eins árs. Á ársfundi 2020 verður kosið um þau sæti sem FÍA skipaði í 2019 og gildir það kjör til tveggja ára. Stjórnarformaður er Sturla Ómarsson flugstjóri. Hann hefur átt sæti í stjórn EFÍA frá árinu 2010 fyrst sem meðstjórnandi en formaður stjórnar frá árinu 2013. Varaformaður stjórnar er Geirþrúður Alfreðsdóttir flugstjóri en hún tók sæti í stjórn 2013. Meðstjórnendur eru Kjartan Jónsson flugstjóri tók sæti í stjórn 2019, Eva Sóley Guðbjörnsdóttir fjármálastjóri Ícelandair tók sæti í stjórn 2019 og Grímur Helgi Pálsson forstöðumaður hagdeildar Ícelandair sem jafnframt tók sæti 2019. Varamenn eru Úlfar Henningsson, Salvör Egilsdóttir tilnefnd af FÍA og Ingvar Jónsson, kosin af sjóðfélögum. Íris Hulda Þórisdóttir og Ari Guðjónsson tilnefnd af atvinnurekendum. Formlegir stjórnarfundir voru 12 á árinu 2019, stjórn var í öllum tilfellum ákvörðunarbær. Í ljósi mikilla breytinga á stjórn á árinu 2019 vann stjórn ekki formlegt árangursmat á störfum sínum á árinu 2019 en mun vinna slíkt mat á árinu 2020 og nýta niðurstöður þess til að betrubæta enn frekar stjórnarhætti.

Endurskoðunarnefnd leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjárhagsupplýsinga lífeyrissjóðsins. Hlutverk hennar er m.a. að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins og áhættustýringu hans, eftirlit með endurskoðun ársreikninga ásamt eftirliti með öðrum störfum endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd setur jafnframt fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda og metur óhæði hans. Endurskoðunarnefnd fylgir eftir úrbótum á annmörkum sem koma fram hjá innri og ytri endurskoðun. Endurskoðunarnefndin fundar að lágmarki tvisvar sinnum á ári og gefur árlega skýrslu til stjórnar. Endurskoðunarnefnd var skipuð af stjórn þann 14.06.2019 skipuð voru Guðlaugur Sigurðsson, Sigríður Einarisdóttir og Þorvaldur Þorsteinsson.

Lánanefnd Eftirlaunasjóðs FÍA er skipuð af stjórn og stjórn setur henni starfsreglur. Í lánanefnd sitja Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins, Sólveig Dröfn Ómarsdóttir sérfræðingur viðskiptabankasviðs Arion banka og Haraldur Yngvi Pétursson sjóðsstjóri eignastýringar Arion banka. Lánanefnd starfar innan þeirra heimilda sem stjórn hefur sett henni með starfsreglum, lánareglum sjóðsins og þeirra laga sem gilda um neytendalán.

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

STJÓRN, UNDIRNEFNDIR OG FRAMKVÆMDASTJÓRI, frh.

Framkvæmdastjóri sjóðsins frá 1. júlí 2015 er Snædís Ögn Flosadóttir. Snædís er með B.S í verkfræði frá Háskóla Íslands og próf í verðbréfavíðskiptum og býr að víðtækri reynslu innan eignastýringar og reksturs lífeyrissjóða og hefur hún m.a komið að rekstri Eftirlaunasjóðs FÍA frá því hann flutti rekstur sinn til Arion banka árið 2012. Framkvæmdastjóri starfar í samræmi við starfsreglur sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt og ber hann ábyrgð gagnvart stjórn á því að sjóðurinn starfi eftir þeim lögum og reglum sem um hann gildir. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru að annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og í samræmi við lög 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast upplýsingagjöf til stjórnar í samræmi við starfsreglur framkvæmdastjóra. Hann ber ábyrgð á því að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og reglur, að fjárfestingastefnu og áhættustefnu sem stjórn hefur sett sé framfylgt og skipulag innra eftirlits sé með þeim hætti sem stjórn hefur samþykkt. Ber hann jafnframt ábyrgð á því gagnvart stjórn að heildar áhættustýring sé fullnægjandi ásamt viðeigandi upplýsingagjöf og viðbrögðum. Framkvæmdastjóri heldur utan um verksvið, ábyrgðir og heimildir starfsmanna og tryggir að ábyrgðinni sé deilt með fullnægjandi hætti. Þá skal framkvæmdastjóri einnig móta viðeigandi markmið fyrir áhættustýringu og innra eftirlit í samstarfi við ábyrgðarmann áhættustýringar og fylgist með því að eftirlitið sé fullnægjandi og skilvirkt.

INNRA EFTIRLIT OG ÁHÆTTUSTÝRING

Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA skjalfestir innra eftirlit sjóðsins árlega og setur jafnframt fram áhættustefnu þar sem greint er frá skipulagi og ábyrgð er varðar heildaráhættustýringu sjóðsins í samræmi við reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017. Áhættustefnan er þannig hluti af eftirlitskerfi sjóðsins og helst í hendur við fjárfestingarstefnu þar sem stjórn hefur sett takmarkanir á áhættutöku. Áhættustefnunni er einnig ætlað að skapa grundvöll fyrir virkri upplýsingagjöf til stjórnar og stuðla að því að stjórn og starfsmenn sem annast rekstur sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir áætlanleg mörk. Ábyrgðarmaður áhættustýringar EFÍA fylgist með því að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins og innan þeirra vikmarka sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Áhættustýring Arion banka og ábyrgðarmaður áhættustýringar EFÍA gerir ársfjórðungslega skýrslu um fjárhagslega áhættuþætti er snúa að sjóðnum sem lögð er fyrir stjórn. Árlega hefur ábyrgðarmaður áhættustýringar EFÍA umsjón með framkvæmd eigin áhættumats þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt og áhrif þeirra könnuð. Í kjölfarið er ákveðið hvaða áhættuþáttum skuli stýrt og með hvaða hætti.

Breytingar á persónuverndarlöggjöf tóku gildi á árinu 2018. Stjórn EFÍA hefur sett sér persónuverndarstefnu og birt hana ásamt upplýsingum um persónuverndarfulltrúa sjóðsins á vefsvæði hans. Á árinu 2019 tók Regluvörður við hlutverki persónuverndarfulltrúa

Innri endurskoðun er í höndum innri endurskoðanda Arion banka. Innri endurskoðun starfar sjálfstætt og tekur ekki ákvarðanir sem tengjast daglegri starfsemi sjóðsins. Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu á innra eftirliti sem ætlað er að bæta rekstur sjóðsins. Innri endurskoðun leggur jafnframt mat á skipulag og virkni vöktunar stjórnenda, hvort heildaráhættustýring og innra eftirlit virki eins og til er ætlast. Stjórn sjóðsins er gerð grein fyrir meginniðurstöðum árlegrar endurskoðunar með skýrslugjöf.

Ytri endurskoðun er framkvæmd af löggiltum endurskoðanda PricewaterhouseCoopers ehf sem starfar ekki í þágu lífeyrissjóðsins að öðru en endurskoðun og innra eftirliti. Markmið ytri endurskoðunar er að gefa álit á því hvort ársreikningur gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris á reikningsárinu og efnahag í lok þess og að ársreikningur sé saminn í samræmi við ákvæði laga og reglna sem gilda um starfsemina, samþykktir lífeyrissjóðsins og góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga og reglna varðandi upplýsingaskyldu viðkomandi lífeyrissjóðs.

Regluvörður leggur árlega fyrir stjórn lífeyrissjóðsins skýrslu um eftirlit með verðbréfavíðskiptum starfsmanna og viðbrögðum bankans við hagsmunaárekstrum. Þá hefur stjórn sjóðsins tilnefnt regluvörð Arion banka sem ábyrgðarmann aðgerða lífeyrissjóðsins gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Skal regluvörður veita stjórn lífeyrissjóðsins skýrslu um framkvæmd reglna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eigi sjaldnar en árlega. Þá hefur regluvörður einnig tekið að sér eftirlit með verðbréfavíðskiptum stjórnarmanna.

Víða í regluverki lífeyrissjóðsins er að finna ákvæði þar sem tekið er á hagsmunaárekstrum, s.s í starfsreglum stjórnar, í starfsreglum fyrir framkvæmdastjóra og í verklagsreglum um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Þá eru til staðar hjá rekstraraðila reglur er varða hagsmunaárekstra og starfsmönnum rekstraraðila sem stafa fyrir sjóðinn ber að fylgja.